

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 119/98
frá 18. desember 1998

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/98 frá 27. nóvember 1998⁽¹⁾.

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/98 frá 27. nóvember 1998⁽²⁾.

Tilskipun ráðsins 96/98/EB frá 20. desember 1996 um búnað um borð í skipum⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

Tilskipun ráðsins 96/98/EB miðar að því að auka öryggi á sjó og tryggja frjálsa flutninga á búnaði um borð í skipum og því ber að fella hana bæði inn í II. og XIII. viðauka við samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 277, 28.10.1999, bls. 42 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 46, 28.10.1999, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 277, 28.10.1999, bls. 49 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 46, 28.10.1999, bls. 159.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 46, 17. 2. 1997, bls. 25.

1. gr.

Eftirfarandi kafli bætist við í II. viðauka við samninginn:

„XXXII. BÚNAÐUR UM BORD Í SKIPUM

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1. **396 L 0098**: Tilskipun ráðsins 96/98/EB frá 20. desember 1996 um búnað um borð í skipum (Stjtið. EB L 46, 17.2.1997, bls. 25), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 246, 10. 9. 1997, bls. 7 og Stjtið. EB L 241, 29.8.1998, bls. 27.“

2. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 56c (reglugerð ráðsins (EB) nr. 3051/95) í XIII. viðauka við samninginn:

- 56d. **396 L 0098**: Tilskipun ráðsins 96/98/EB frá 20. desember 1996 um búnað um borð í skipum (Stjtið. EB L 46, 17.2.1997, bls. 25), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 246, 10.9.1997, bls. 7 og Stjtið. EB L 241, 29.8.1998, bls. 27.“

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 96/98/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 19. desember 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 18. desember 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner